



Bæjarráð/bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Hafnarfjörður, 15. október 2013

Erindi: Foreldraráð Hafnarfjarðar óskar eftir að eiga fastan áheyrnarfulltrúa í íþrótt- og tómstundanefnd.

Forsaga málsins er sú að Foreldraráð Hafnarfjarðar sendi eftirfarandi erindi til Fjölskylduráðs Hafnarfjarðar þann 27. október 2011 sem vísaði erindinu til íþrótt- og tómstundanefndar. Sjá hér:

Erindi: Foreldraráð Hafnarfjarðar óskar eftir að eiga áheyrnarfulltrúa í fjölskylduráði Hafnarfjarðar

Þann 7. júní s.l. var samþykkt á fundi bæjarráðs að sameina rekstur heilsdagsskóla/frístundaheimila og félagsmiðstöðva í eina einingu í hverjum grunnskóla, undir stjórn skrifstofu æskulýðsmála og fjölskylduþjónustu. Vegna þessarar færslu heilsdagsskóla/frístundaheimila og félagsmiðstöðva úr grunnskólunum og yfir í ÍTH óskar Foreldraráð Hafnarfjarðar eftir því að fá áheyrnarfulltrúa í fjölskylduráð.

Foreldraráð Hafnarfjarðar er samráðsvettvangur og málsvari foreldra grunnskólabarna í Hafnarfirði og vinnur að sameiginlegum málefnum grunnskólanna og gefur umsagnir um ýmis mál er varða skóla- og fjölskyldumál. Samstarfið gerir foreldrafulltrúum kleift að vera í nánu sambandi og fylgjast með því helsta sem fram fer í grunnskólum bæjarins sem og hvernig frítíma barnanna er varið. Þar sem heilsdagsskóli/frístundaheimili og félagsmiðstöðvar eru hluti af skóladegi barna þarf Foreldraráðið að eiga áheyrnarfulltrúa í fjölskylduráði til að það nái yfirsýn yfir skólagöngu barna.

Eftirfarandi svar barst frá Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 2. nóvember 2011:

„Á fundi Fjölskylduráðs Hafnarfjarðar í dag var eftirfarandi mál á dagskrá: Lagt fram erindi frá fjölskylduráði Hafnarfjarðar, dags. 27. okt. sl., ósk um áheyrnarfulltrúa á fundum Fjölskylduráðs Hafnarfjarðar. Vísað til íþrótt- og tómstundanefndar.“

Í svari frá íþrótt- og tómstundanefnd þann 4. janúar 2012 stendur:

„Á fundi íþróttá- og tómstundanefndar Hafnarfjarðar, þ. 7. des. sl., var ofangreint mál á dagskrá. Málinu var vístað frá fjölskylduráði til íþróttá- og tómstundanefndar. Að svo stöddu getur íþróttá- og tómstundanefnd ekki orðið við ósk Foreldraráðs Hafnarfjarðar um að eiga áheyrnafulltrúa í íþróttá- og tómstundanefnd. Starfsemi sem fram fer í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum er ekki lögbundin líkt og starfsemi grunnskólanna og því ekki hægt að leggja að jöfnu. Íþróttá- og tómstundanefnd leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að eiga gott samstarf við Foreldraráð og leggur til að fulltrúa þess verði boðið eftir þörfum til fundar nefndarinnar þegar málefni frístundaheimila og félagsmiðstöðva eru sérstaklega til umfjöllunar.“

Foreldraráð Hafnarfjarðar gerði athugasemd við niðurstöðu íþróttá- og tómstundanefndar við erindi Foreldraráðs og sendi Mennta- og menningarmálaráðuneytinu bréf þar sem óskað er eftir álitum þeirra á áður nefndu svari íþróttá- og tómstundaráðs frá 7. desember 2011, sjá hér:

Foreldraráð Hafnarfjarðar gerir athugasemd við niðurstöðu íþróttá- og tómstundanefndar við erindi Foreldraráðs um að eiga áheyrnafulltrúa hjá þeim. Frá því að samþykkt var á fundi bæjarráðs að sameina rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva í eina einingu í hverjum grunnskóla, undir stjórn skrifstofu æskulýðsmála og fjölskylduþjónustu hefur íþróttá- og tómstundanefnd fundað alls níu sinnum og þar af hafa málefni frístundaheimila og félagsmiðstöðva verið rædd á sex fundum. Áður en rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva var færður undir stjórn skrifstofu æskulýðsmála og fjölskylduþjónustu, var þessi málaflokkur undir fræðsluráði þar sem foreldrar eiga fastan áheyrnafulltrúa. Það er deginum ljósara að betra er fyrir íþróttá- og tómstundanefnd að Foreldraráð ætti fastan áheyrnafulltrúa þar inn til að hindra að sú staða kæmi upp að það gleymdist að boða okkar fulltrúa á einhvern fundinn. Þetta hlýtur líka að þýða að það sé betra fyrir alla aðila að Foreldraráð eigi fastan áheyrnafulltrúa í íþróttá- og tómstundanefnd sem sæti alla fundi þess og væri þar af leiðandi upplýstur um málefni bæði á umræðustigi og þegar taka ætti ákvarðanir vegna þeirra. Aðkoma foreldra að skólagöngu barna sinna hefur verið aukinn til muna með nýju grunnskólalögunum og þykir Foreldraráði eðlilegt að eiga áheyrnafulltrúa í íþróttá- og tómstundanefnd til jafns við fræðsluráð þar sem málefni grunnskólabarna eru rædd á þessum vettvöngum. Mikilvægt er því að fá yfirsýn yfir alla þá þætti sem koma að skólagöngu barna á grunnskólaaldri.

Talsmaður Foreldraráðs Hafnarfjarðar, Jóhanna S. Traustadóttir hefur sett sig í samband við Guðna Olgeirsson vegna þessa máls en eftir það samtal er þessi fyrirspurn send. Foreldraráð Hafnarfjarðar gerir athugasemd við niðurstöðu íþróttá- og tómstundanefndar við þessu erindi og óskar eftir áliti Mennta- og menningarmálaráðuneytis við svarinu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vísaði málinu til Innanríkisráðuneytisins þann 6. febrúar 2012 og í framhaldi af því sendi Foreldraráð Hafnarfjarðar viðbótargögn til Innanríkisráðuneytisins 8. mars 2012, sjá hér:

Efni: Viðbótargögn vegna framsends erindis frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samræmi við 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. (Tilv.:MMR12010280/6.17.3-)

Foreldraráð Hafnarfjarðar telur ástæðu til að bæta við upplýsingum vegna álits innanríkisráðuneytisins vegna höfnunar á beiðni áheyrnarfulltrúa í fjölskylduráði Hafnarfjarðar, íþróttá- og tómstundanevnd.

Forsaga málsins er ágætlega rakin í beiðni til Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem barst 19. janúar 2012 frá talsmanni Foreldraráðs Hafnarfjarðar, Jóhönnu S. Traustadóttur, og til ykkar 6. febrúar 2012 frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hefði íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar boðað fulltrúa foreldra eftir þörfum þegar málefni frístundaheimila og félagsmiðstöðva eru til umfjöllunar eins og kemur fram í bréfi frá þeim dagsett þann 7. desember 2011, þá hefði Foreldraráð Hafnarfjarðar ekki séð neina ástæðu til að leita álits vegna synjunar á föstum fulltrúa áheyrnarfulltrúa foreldra. Í ljósi reynslunnar frá 7. desember 2011 hafa málefni félagsmiðstöðva og frístundaheimila verið til umfjöllunar hjá íþróttá- og tómstundanevnd á fjórum fundum af fimm, en fulltrúa foreldra hefur aðeins verið boðið á einn fund.

Samkvæmt 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 er fjallað um tómstundastarf og lengda viðveru. Þar stendur: „Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.“ Einnig kemur fram að sveitarstjórn getur boðið grunnskólanemendum upp á lengda viðveru. Foreldraráð Hafnarfjarðar veltir fyrir sér hvort það samræmist grunnskólalögum nr. 91/2008 sbr. 33. gr. að forræði félagsmiðstöðva og heildagsskóla hafi verið flutt frá stjórn skólastjóra yfir til íþróttá- og tómstundanevndar. Yfirmaður grunnskóla er skólastjóri sbr. 7. gr. sömu laga en með nýgerðum skipulagsbreytingum hafa skólastjórar í Hafnarfirði ekki lengur yfirstjórn hvorki með félagsmiðstöðvum né heildagsskóla/lengdri viðveru.

Óskað er eftir áliti Innanríkisráðuneytis á þessu máli sem og mikilvægi áheyrnarfulltrúa foreldra í íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar.

Þann 17. júlí 2013 óskaði Innanríkisráðuneytið eftir afstöðu bæjarins og eftirfarandi gögnum um málið, sjá hér:

Samkvæmt XI. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fer ráðherra með stjórnarsýslueftirlit með sveitarfélögum og á grundvelli 112. gr. laganna getur ráðuneytið ákveðið sjálfst að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnarsýslu sveitarfélags sem lýtur eftirliti þess. Áður en lagt verður mat á það hvort framangreind erindi Fjölskylduráðs Hafnarfjarðar gefi tilefni til slíkrar formlegrar skoðunar er óskað eftir afstöðu bæjarins til málsins, þ.m.t. til þess hvort og þá hvernig það hafi samrýmt valdasviði fjölskylduráðs og íþróttá- og tómstundanevndar að afgreiða beiðni Foreldraráðs Hafnarfjarðar án aðkomu bæjarstjórnar eða bæjarráðs. Jafnframt er óskað eftir því að svari bæjarins fylgi gildandi samþykktir og/eða erindisbréf um skipan, hlutverk, valdasvið og starfshætti fjölskylduráðs og íþróttá- og tómstundanevndar.

Er þess óskað að afstaða bæjarins og umbeðin gögn berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. september n.k.

Enn og aftur ítrekar Foreldraráð Hafnarfjarðar mikilvægi þess að foreldrar eigi aðkomu innan stjórnarsýslunnar að öllum málum er varða börn og ungmenni. Í 5 og 6. gr. laga um grunnskóla nr. 98/2008 stendur að sveitarfélög beri ábyrgð á heildarskipan skólalahalds í grunnskólum sveitarfélagsins og þau eigi að setja sér almenna stefnu um grunnskólalahald í sveitarfélaginu. Jafnframt eiga sveitarfélögin ekki bara að koma á samstarfi milli skólastiga heldur líka við aðra aðila t.d. foreldra. Í sömu lögum gr. 33 segir að í grunnskólum skal nemendum gefa kostur á að taka þátt í

tómstunda- og félagsstarfi, hvort sem það er í dagslegu starfi eða eftir venjulegan skólatíma. Í Skólastefnu Hafnarfjarðar frá árinu 2009 stendur að *nemendum standi til boða fjölbreytt og gott félagsstarf utan skólatíma með góðri aðstöðu í skólum þar sem mikilvægi góðs samráðs allra sem að slíku starfi koma er ítrekað því slíkt komi nemendum ávallt til góða* (bls. 24). Foreldraráð Hafnarfjarðar telur að frístundaheimilin og félagsmiðstöðvar eru liður í heildarskipan skólahalds grunnskólans og er frístundastarfið hluti af skólastefnu sveitarfélagsins. Líkt og um skólann þá er líka um samstarf heimila og frístundar að ræða. Þetta er samvinnuverkefni foreldra og þeirra er starfa að frístundum barna. Málið snýst um velferð barna okkar og það hlýtur að vera fengur fyrir íþrótt- og tómstundaráð að fá inn sjónarhorn foreldra og fá foreldra sem bakhjarla við þau verkefni sem snýr að íþrótt- og tómstundaráði. Heildræn sýn á málefni barna fæst ekki nema með víðtæku samráði og eru foreldrar þar mikilvægur hlekkur.

Virðingafyllst

Jóhanna S. Traustadóttir
Talsmaður Foreldraráðs Hafnarfjarðar